

# RÍKISSAKSÓKNARI

SJF/

Reykjavík, 13. júní 2014

Mál ríkissaksóknara nr. 003-2013-34

Mál lögreglu nr. 007-2013-63355

Ríkissaksóknari hefur haft til rannsóknar atvik og aðgerðir lögreglu í og við fjölbýlishúsið að Hraunbæ 20, Reykjavík, 2. desember 2013, en Sævar Rafn Jónasson (hér eftir nefndur S) lést í kjölfar aðgerðanna vegna skotsára sem lögregla veitti honum.

Rannsókn ríkissaksóknara grundvallaðist á 35. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og varðaði einkum hugsanleg brot lögreglumanna (sérsvartarmanna) við embætti ríkislögreglustjórans (RLS) við framkvæmd starfa þeirra. Ákvæði 35. gr. lögreglulaga hljóðar svo:

**„1. Kæru á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans skal beina til ríkissaksóknara og fer hann með rannsókn málsins.**

**2. Við meðferð slíkra mála getur ríkissaksóknari beitt þeim heimildum sem lögregla hefur endranær.**

**3. Lögreglu ber að veita ríkissaksóknara aðstoð við rannsókn mála samkvæmt þessari grein eftir því sem óskað er.“**

Við rannsóknina naut ríkissaksóknari liðsinnis starfsmanna við embætti sérstaks saksóknara. Rannsakendur við Tæknideild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, sem sinnir verkefnum á landsvísu, vann að þeim tæknirannsóknum sem þörf var á í málinu, að höfðu samráði við og undir stjórn ríkissaksóknara, líkt og rannsakendur við embætti sérstaks saksóknara, sem tóku m.a. skýrslur af lögreglumönnum RLS. Við þær skýrslutökur höfðu þeir lögreglumenn stöðu vitna, en athygli þeirra var jafnframt vakin á því sem greinir í 1. mgr. 118. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, en þar segir:

**„Vitni er rétt að skorast undan því að svara spurningu ef ætla má að í svari þess geti falist játning eða bending um að það hafi framið refsiverðan verknað eða atriði sem valdi því siðferðislegum hnekki eða tilfinnanlegu fjárhagstjóni.“**

Þau refsíákvæði sem einkum var litið til við rannsóknina eru 132. gr., 211. gr. og 215. gr., sbr. 138. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá var farið yfir atvik með hliðsjón af 13.-15. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, reglum útgefnum af dómismálaráðherra 22. febrúar 1999, um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valbeitingartækja og vopna, og öðrum verklagsreglum, og leiðbeiningum RLS sem varða m.a. beitingu vopna og notkun gass sérstaklega. Umrædd ákvæði almennra hegningarlaga hljóða svo:

- 132. gr. Ef opinber starfsmaður, sem í 130. gr. eða 131. gr. getur, gætir ekki af ásetningi eða stórfelldu gáleysi lögmætra aðferða við meðferð máls eða úrlausn, handtöku, hald, leit, fangelsan eða framkvæmd refsingar, eða við beitingu annarra áþekkra úrræða, þá skal hann sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári, nema brot hans varði þyngri refsingu að lögum.*
- 211. gr. Hver, sem sviptir annan mann lífi, skal sæta fangelsi, ekki skemur en 5 ár, eða ævilangt.*
- 215. gr. Ef mannsbani hlýst af gáleysi annars manns, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 6 árum.*
- 138. gr. Nú hefur opinber starfsmaður gerst sekur um refsilagabrot með verknæði, sem telja verður misnotkun á stöðu hans, og við því broti er ekki lögð sérstök refsing sem broti í embætti eða sýslan, þá skal hann sæta þeirri refsingu, sem við því broti liggur, en þó svo aukinni, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar.*

Rannsókn málsins, sem hefur verið umfangsmikil, hefur nú verið hætt, sbr. 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Það sem fram hefur komið við rannsóknina bendir ekki til refsiverðrar háttsemi af hálfu lögreglumanna sem tóku þátt í aðgerðum að Hraunbæ 20, 2. desember 2013.

Þau gögn sem upplýsa best um atvik að Hraunbæ 20, aðfaranótt 2. desember 2013, auk skýrslna af lögreglumönnum og vitnum sem voru á vettvangi, eru upptökur af fjarskiptum lögreglu frá útkalli kl. 02:50 þar til andlát S var staðfest kl. 06:58, mynd- og hljóðupptaka úr lögreglubifreið (e. Eyewitness) sem beint var að íbúð S, og var í gangi samfellt frá kl. 05:54 til kl. 06:45, og rannsókn tæknideildar. Sú reifun atburðarásarinnar sem ríkissaksóknari hefur tekið saman byggist að mestu á þessum rannsóknargögnum.

### Upphaf máls

Upphaf þeirrar atburðarásar sem leiddi til dauða S var tilkynning nágretta um tónlistarhávaða frá íbúð á 2. hæð að Hraunbæ 20, auk þess sem hár hvellur hefði heyrst þaðan. Fram kom hjá tilkynnanda að íbúinn hét M, en ekki S eins og síðar kom í ljós. Þessi tilkynning barst lögreglu kl. 02:12. Þegar tveir lögreglumenn frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu (LRH) komu á vettvang og ræddu við tilkynnanda kom í ljós að hann taldi sig hafa heyrt skothvell frá íbúðinni. Í ljósi þeirra upplýsinga var ákveðið að fá sérsveitarmenn til aðstoðar á vettvang og komu þeir skömmu síðar. Sérsveitarmennirnir ákváðu að vopnast skammbyssum sem þeir báru slíðraðar á læri. Einnig snéri annar sérsveitarmaðurinn, hér eftir nefndur S1, við eftir að hann var kominn inn á stigaganginn og sótti skotskýlingarskjöld í lögreglubifreiðina. Tilkynnt var til fjarskiptamiðstöðvar kl. 03:09 að sérsveitarmenn ætluðu að vopnast og fjarskiptamiðstöð upplýsti yfirmann sérsveitar á bakvakt um það kl. 03:12. Allt var þetta í samræmi við verklagsreglur um starfsemi sérsveitar RLS og viðbúnað og viðbrögð við ógnun með vopnum, gíslatöku, hryðju- og skemmdarverka, dags. 23. maí 2006. Einnig kallaði lögregla til lásasmið til að



opna íbúðina en þá var ítrekað búið að knýja dyra og tilkynna að lögregla væri þarna á ferð. Aldrei heyrði lögregla neinn umgang inni í íbúðinni, einungis tónlist.

Fram kom við skýrslutökur af þeim sex lögreglumönnum sem voru á vettvangi í upphafi að þeir töldu líkur á því að maðurinn í íbúðinni hefði framið sjálfsvíg, með hliðsjón af því sem nágranni hans/tilkynnandi hafði lýst um skothvell. Tilkynnandinn, sem hefur sinnt herþjónustu, fullyrti að um skothvell hefði verið að ræða og strax í kjölfarið hefði hann heyrt hnjask frá gólfi íbúðarinnar en síðan hefði hann ekki heyrt önnur hljóð frá íbúðinni en tónlist. Taldi hann að sá sem þar bjó hefði skotið sjálfan sig.

Þau atriði sem ríkissaksóknari hugaði einkum að varðandi upphafsáðgerðir lögreglu laut að aðkomu lásasmiðsins (hér eftir nefndur R) sem lögregla kallaði til og þá hvort öryggi hans hefði verið stefnt í hættu. Fram kom í skýrslu R að lögregla hefði ekki nefnt við hann að skotvopn kæmi hugsanlega við sögu. Fyrir liggur að R var ekki klæddur í neinn hlífðarfatnað, s.s. skothelt vesti. Hvað það atriði varðar ber að hafa í huga að lögreglumenn sem fyrstir komu á vettvang töldu að íbúinn, sem þeir töldu vera B, hefði fyrirfarið sér en reynt var að ná sambandi við hann í um 15 mínútur áður en R kom á staðinn, með því að hringja dyrabjöllu, banka á dyr og kalla til hans. Þá setti lögregla einnig búnað á hurðina að íbúðinni sem gerði þeim kleift að horfa inn um gægjugat á hurðinni, en ekki sást til mannaferða í íbúðinni. Síðar kom í ljós að fáni hafði verið hengdur fyrir hurðina. Í upptökum af fjarskiptum lögreglu má heyra að aflað var upplýsinga um M úr upplýsingakerfum lögreglu áður en lögreglumenn voru sendir á vettvang. Samkvæmt því var M ekki skráður fyrir skotvopni og er ekkert brot skráð á hann í málskrá lögreglu. S hafði hins vegar komið við sögu lögreglu bæði hérlendis og erlendis. Í málaskrá lögreglu voru m.a. skráð mál sem vörðuðu ætluð vopnalagabrot og hótanir af hálfu S í garð lögreglu og má ætla að lögregla hefði nálgast S með öðrum hætti en þeir gerðu ef þessar upplýsingar hefðu legið fyrir í upphafi. Þá liggja nú fyrir upplýsingar um að árið 1986 hlaut S fangelsisdóm í Noregi fyrir tilraun til manndráps með því að beina hlaðinni skammbyssu að höfði og líkama lögreglumanns og skjóta eða reyna að skjóta í tvígang úr byssunni án þess að skot hlypi af. Upplýsinga um þennan dóm gat lögregla hins vegar ekki aflað sér áður en farið var á vettvang. S var ekki skráður fyrir neinu skotvopni, en hafði undir höndum haglabyssu af gerðinni Winchester sem hann beitti gegn lögreglu. Hann hafði ekki byssuleyfi.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar tæknideildar er ekkert sem bendir til að S hafi beitt skotvopni inni í íbúð sinni áður en lögregla kom á vettvang aðfaranótt 2. desember 2013, en engin ummerki eftir högl fundust inni í íbúðinni, að frátöldu því sem hér greinir á eftir um ummerki á útidyrhurð og dyraumbúnaði.

Á meðan R vann sína vinnu, sem tók nokkurn tíma og hafði í för með sér talsverðan hávaða þar sem bora þurfti út læsinguna, var sérsveitarmaður með skotskýlingarskjöld upp við dyrnar, en ekki var unnt að halda skyldinum beint fyrir framan R. Eftir að R hafði borað út læsinguna að íbúð S var honum ýtt til hliðar af lögreglu og stóð þá fremstur sá lögreglu- maður/sérsveitarmaður sem var með skotskýlingarskjöldinn. Er þessu lýst með sama hætti í skýrslum af lögreglumönnum sem voru á vettvangi og R.

Að öllu virtu sem hér hefur verið reifað um atburðarásina verður ekki talið að lögreglumenn sem voru á vettvangi á þessum tímavarki hafi sýnt af sér refsivert gáleysi gagnvart R en í þessu efni var horft til ákvæðis 132. gr. almennra hegningarlaga.

### S skýtur að lögreglu

Um leið og opnað var inn í íbúðina kallaði einn lögreglumannanna „byssa, byssa“ og í sömu andrá reið af skot sem lenti í skotskýlingarskyldi S1. Forhlaðið af haglaskotinu sem S skaut á lögreglu festist í gleri/glugga á skildinum sem er í augnhæð þess sem heldur á skildinum. Verulegar líkur eru á að S1 hefði slasast mjög alvarlega, jafnvel látið lífið, ef hann hefði ekki haft skjöldinn. Hann hafði á þessum tímavarki ekki sett á sig skothjál. Sérsvaitarmaður S1 lýsir atvikinu með eftirfarandi hætti í sinni skýrslu:

„...félagi minn hann ýtir á hurðina hérna megin sem sagt á þar sem að hjarirnar eru, hún opnast frekar illa og við sjáum að það er eitthvað drasl fyrir sem kannski skýrir út af hverju við sáum ekki, við sáum bara birtu en, en ekki hérna í gegn, þannig að það var búið að hengja fyrir eitthvað sem að við sjáum svo þarna að er íslenski fáninn, búið að hefta hann, eða, negla hann fyrir, fyrir hurðina. Hann teygir sig inn og kippir fánanum svona til hliðar, ég horfi í gegnum sem sagt glerið á skildinum og er að búast, búast til inngöngu við, við köllum. Í sömu andrá í rauninni og, og fánanum er kippt til hliðar þá horfi ég í rauninni bara upp í hlaupið á, á byssunni. Það var enginn fyrirvari að neinu leyti, það var, það var, það var engin hótun, aðvörðun, hósti, eitthvað hróp, eitthvað, ekkert, handahreyfing, ekkert, ég sá í rauninni, ég sá aldrei mann, ég sá hlaup, þetta var, hann var búinn að stilla sér upp við, við horn inni í stofu, stillti sér upp, sem sagt hvíldi riffilinn eða riffilinn, haglabyssu, þetta var haglabysa, ég sá hlaupið að hlaupið var frekar, frekar breitt, hann var búinn að stilla hlaupinu algjörlega upp við sem sagt hornið,... Við komum hérna inn, stend hérna í dyrunum, hann er hér við, er sjálfur í vari við þetta horn og haglabyssan hún gengur hérna fram og hvílir hérna við sem sagt hornið á, á stofunni, alveg þétt upp við og ég sá hann aldrei, ég sá ekki einu sinni hendurnar á honum undir byssunni, ég sé hlaupið og í sömu andrá sé ég blossa, mikinn hvell og, og ég veit við stigum, ég steig aldrei inn í íbúðina ég fór aldrei yfir þröskuldinn, ég man, sá... ég man ekkert, á þessu moment-i þannig að ég sé hl... ég sé, ég heyri einhvern hrópa jú byssa ég veit ekkert hver það var og bara á sama moment-i og, og skotið ríður af, ég hlft að hafa farið einhver tvö, þrjú skref eða aftur á bak ég man, ég man ekkert eftir atburðarásinni þá þegar skotið ríður af og þangað til í rauninni ég vakna eða ranka við mér á bakinu neðst hérna í stiganum ég var ekki kominn niður á stigapallinn sem er hér en ranka við mér þar, ég heyri einhvern skarkala hérna uppi ennþá og ég geri mér ekki grein fyrir hinum mönnum hvar þeir eru en ég átta mig mjög fljótlega á því að það var, það var skotið á okkur ég kenndi til í höfðinu og ég kenndi til í, í fótunum og taldi mig hafa orðið fyrir skoti...“

Ljóst er að skotskýlingarskjöldurinn kom í veg fyrir að S1 fengi í sig skot úr haglabyssunni sem skotið var úr af um 2,5 metra færi samkvæmt mælingu tæknideildar á fjarlægð frá þeim stað í stofunni sem skotstefnurannsóknir sýna að S stóð á þegar hann skaut þessu skoti og að dyragættinni. Sú háttsemi S að skjóta á lögreglumanninn hefði að öllum líkindum verið heimfærð undir ákvæði 211. gr., sbr. 20. gr., og 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga, þ.e. tilraun til manndraps og brot gegn valdstjórninni sem beinist í þessu tilviki að lögreglumanni, en S gat ekki dulist að lögregla væri þarna á ferð enda margsinis búið að kalla til hans að lögregla væri fyrir utan auk þess sem þrjár lögreglubifreiðar stóðu fyrir utan húsið og voru vel sjáanlegar úr íbúð S.



Þegar S skaut að S1 hörfuðu tveir lögreglumenn frá LRH, sérsveitarmennirnir tveir og lása-smiðurinn niður á næsta stigapall en tveir lögreglumenn frá LRH fóru upp á stigapallinn á 3. hæð og voru þar í sjálfheldu, en S kom fram á stigapallinn með vopnið brugðið. Lögreglumenn frá LRH voru óvopnaðir. Út frá því sem heyrst í fjarskiptum er unnt að fullyrða að S var a.m.k. í 10 mínútur frammi á stigapallinum. Á þeim tíma beindi hann haglabyssunni m.a. niður stigann í átt að þeim lögreglumönnum sem þar voru samkvæmt skýrslum þeirra.

Ekkert heyrðist frá S eftir að hann skaut að lögreglu. Lögreglumenn lýsa því í sínum skýrslum að þeir hafi kallað ítrekað til S að þetta væri vopnuð lögregla og skorað á hann að leggja frá sér vopnið og ræða við þá, m.a. þann tíma sem hann var frammi á stigapallinum með haglabyssuna mundaða. Heyra má í upptökum af fjarskiptum kl. 03:48 þegar lögreglumaður kallar „...þetta er vopnuð lögregla...“.

Í skýrslu af sérsveitarmanni S2 segir t.a.m. um þetta atriði:

„[S] heldur á vopninu með, með báðum höndum við sjáum það, við sjáum þetta nokkuð skýrt, þetta er það stór gluggi, þetta er mjög stór gluggi og, og við sjáum sem sagt að, að hann speglast þarna í, í glerinu. Ég byrja strax að skora á hann, segi að þetta sé vopnuð lögregla, þetta er bara það sem að er búið að, að þjálf, þetta er bara þjálfunin kemur þarna bara beint inn þannig að. Þetta er vopnuð lögregla, segi ég, leggðu frá þér vopnið, þetta kalla ég, ég átta mig ekki á hversu oft, ég kalla þetta mjög oft... Og ég hugsa að við séum þarna að reyna að skora á, á manninn í, í einhverjar mínútur ég átta, ég átta mig ekki á, á hversu lengi en, en við erum þarna með, við erum með vopnin brugðin, köllum ítrekað og ég kalla fyrst herna [M] en er síðan leiðréttur og, og byrja að kalla Sævar og, og þetta er bara alltaf sama skipunin, vopnuð lögregla, legðu frá þér vopnið og, og herna síðan fljótlega breytist og reynum við að kalla á hann, [S] talaðu við okkur, eftir að við erum búnir að, að, að marg, marg kynna okkur sem vopnuð lögregla og, og biðja hann um að leggja niður vopnið þá reynum við að kalla, Sævar talaðu við okkur, herna, gefstu upp, komdu til okkar og herna, það ber engan árangur, aldrei neitt hljóð, við heyrum aldrei neitt frá honum...“

Í skýrslu af R kemur eftirfarandi fram um atvik eftir að S skaut að lögreglu:

„...og þarna er ég bara í einhvern tíma, ábyggilega svona hálf tíma á meðan sem sagt þeir eru að kalla til hans sem sagt, þeir kalla reyndar fyrst rangt nafn sko, þeir er alltaf að kalla [M1] eða [M2] og herna en ég bendi einum á sem kom þarna niður stuttu eftir að hann heitir Sævar, og þá fara þeir að kalla á hann sem sagt Sævar og herna og láta vita að hann sé, þeir séu vopnaðir, en þeir vilja samt fá að tala við hann, þeir vilji honum ekkert mein og herna, og þetta endurtekur hann oft sko, bara með stuttu millibili sem sagt kallar á hann sem sagt, Sævar, þetta er lögreglan við erum vopnaðir við viljum fá að tala við þig, við viljum þér ekkert mein, en hann svara aldrei...“

Bókað er í dagbók lögreglu kl. 03:23 að óskað sé eftir skjótri aðstoð á vettvang að Hraunbæ 20 þar sem aðili á 2. hæð miðju hafi skotið að lögreglumönnum. Tíu mínútum síðar, eða kl. 03:33, er bókað „*heildarútkall sent á Sérsveit*“, en samkvæmt verklagsreglum um sérsveit RLS ber að kalla sérsveit út þegar maður beitir skotvopni.

Eftir að fleiri sérsveitarmenn komu á vettvang var þeirra fyrsta verk að rýma íbúðir í stigaganginum að Hraunbæ 20 og þar á meðal að koma til bjargar þeim tveimur lögreglumönnum sem fóru upp á stigapallinn fyrir ofan og var síðan hleypt inn í íbúð á 3. hæð. Við þá aðgerð voru m.a. tveir sérsveitarmenn með skotskýlingarskyldi til varnar við dyr að íbúð S. Rýming stigagangsins hófst kl. 04:18 og var lokið kl. 04:50. Lögregla hóf lokanir við Hraunbæ strax, eða kl. 03:26, sbr. verklagsreglur lögreglu þar um.

Eftir að rýmingu lauk var umsátri komið á með þeim hætti að aðgerðarhópur sérsveitar var á stigagangi við íbúðina, annar aðgerðarhópur var utandyra fyrir neðan svalir S auk þess sem ríffilmaður var settur í varðstöðu með sjónlínu á svalir og glugga íbúðarinnar (hér eftir nefndur sjónpóstur).

Um kl. 04:03 spyr lögreglumaður á fjarskiptum sérsveitarmann S2 á vettvangi hvort reyna eigi að hringja í S sem hann telur rétt að gera. Áður lýsir hann því í upptökunni að hann hafi reynt að ná sambandi við S á meðan hann var frammi á stigapallinum en án árangurs. Samkvæmt gögnum sem ríkissaksóknari hefur aflað með úrskurði dómara var S skráður fyrir tveimur símanúmerum og var hringt alls sex sinnum í þau númer frá fjarskiptamiðstöð lögreglu aðfaranótt 2. desember 2013, án þess að svarað væri, þar af var hringt einu sinni í farsíma S en það símtal fór áfram í talhólf sem bendir til að slökkt hafi verið á símanum. Hringingarnar áttu sér stað á tímabilinu 04:09:36-04:15:55. Hafa ber hér í huga að allt þar til lögregla hóf að skjóta gasflaugum inn í íbúð S, sem var kl. 05:55, reyndu sérsveitarmenn sem voru á staðsettur á stigapalli fyrir framan íbúð hans að ná við hann sambandi með því að kalla til hans, en aldrei heyrðist neitt frá S.

### **Ákvörðun um gasaðgerð**

Ríkissaksóknari fór yfir framangreinda gasaðgerð lögreglu m.a. með hliðsjón af reglum um valdbeitingu lögreglumanna o.fl. Í þeim reglum segir að óheimilt sé að nota gasvopn í einstökum tilvikum nema samkvæmt ákvörðun vakthafandi yfirmanns og að einungis megi vopna þá lögreglumenn með gasvopnum sem fengið hafa tilskilda þjálfun. Þá er tiltekið í reglunum að gasvopnum megi einungis beita í sérstökum hættutilvikum eða ef lögregluaðgerð verði ekki framkvæmd á annan hátt án þess að öryggi lögreglumanna sé stefnt í hættu. Við mat á því hvort að ákvörðun um þá aðgerð sem í hönd fór, og fólst í því að skjóta fjölda gasflauga inn í íbúð S, og hvort aðgerðin sem slík, hafi verið forsvaranleg, þarf í upphafi að líta til þeirra tveggja atriða sem tilgreind eru í reglum ráðherra.

Með yfirstjórn aðgerða sérsveitar RLS að Hraunbæ 20 fór yfirmaður sérsveitarinnar sem jafnframt er yfirlögregluþjónn við RLS. Við skýrslutöku lýsti hann því að hann hefði heimilað undirbúning gasaðgerðar eftir símtal frá næsta yfirmanni sérsveitar, hér eftir nefndur S4, kl. 05:19, þar sem hann gerði yfirlögregluþjóninum grein fyrir málavöxtum og að ekki hafi náðst samband við S þar sem hann svaraði engu. Aftur átti hann símtal við S4 kl. 05:45 þar sem fram kom að ekkert samband hafi náðst við manninn en að samningamenn sérsveitar hafi verið ræstir út. Kemur fram í upptökum af fjarskiptum lögreglu að kl. 05:30 séu tveir menn úr samningahópi á leið á vettvang.



Til sérsveitar RLS telst hópur sérþjálfara samningamanna og stjórnstöðvarhópur, en þeir hljóta ekki þjálfun sem almennir sérsveitarmenn og teljast ekki til almennra liðsmanna sérsveitarinnar. Sérsveit RLS, samningahópur og stjórnstöðvarhópur eru hluti af neyðarskipulagi lögreglunnar. Til samans mynda hóparnir samstæða aðgerðarsveit lögreglu sem annast vopnuð lögreglustörf og öryggismál.

Ekki kom til þess að samningamenn reyndu að ná sambandi við S. Aðspurðir um það hvers vegna samningamenn tóku ekki til starfa hafa yfirmenn sérsveitar lýst því að þar sem ekki reyndist unnt að ná sambandi við S, hvorki með því að kalla til hans né með símhringingum, hafi verið tilgangslaust að virkja samningamennina. Einnig var farið yfir það í skýrslutökum af stjórnendum sérsveitar sem voru í stjórnstöð og á vettvangi hvort rétt hefði verið að kalla til aðra sérfræðinga en menn úr samningahópi lögreglu, en það er ekki í samræmi við verklagsreglur. Þeirra mat var að slíkt hefði ekki verið unnt við þessar aðstæður.

Ríkissaksóknari hefur farið yfir atvik og aðgerðir sérsveitar með hliðsjón af því hvort rétt hefði verið að hafa samband við ættingja S eða kalla til aðra sérfræðinga í viðtals- og samingatækni en samningamenn sérsveitar, s.s. geðlækna eða sálfræðinga, þrátt fyrir að verklagsreglur sérsveitar/lögreglu fjalli ekki um slíkt.

Fyrir liggur að S átti við andleg veikindi að stríða en vettvangsstjórnandi sérsveitar hafði ekki upplýsingar um það. Er hér rétt að gera grein fyrir þeim upplýsingum sem lögregla/fjarskipti hefðu getað miðlað til lögreglumanna á vettvangi um andlegt heilsufar S. Með því að fara inn í þau mál sem skráð voru á S í málaskrárkerfi lögreglu (LÖKE) er unnt að finna gögn í sitt hvoru málinu frá árunum 2008 og 2009 sem sýna að S hefur á þeim tíma átt við geðræn vandamál að stríða, en í þeim málum voru læknar kallaðir til og S vistaður á geðdeild í kjölfar afskipta lögreglu af honum. Þá kemur fram í skýrslu í máli vegna ætlaðs vopnalagabrots S þann 3. október 2013, að lögreglumaðurinn sem vann að málinu taldi að S ætti ekki að bera vopn í því ástandi sem hann var í og segir í skýrslunni „...hann virkaði ekki andlega heill á geði í bland við það ölvunarástand sem hann var í.“ S var sjálfráða og bjó einn í íbúð að Hraunbæ 20 sem hann leigði af Félagsbústöðum. Ekki var því augljóst af þeim gögnum sem lögreglu voru aðgengileg umrædda nótt að S ætti við þá miklu andlegu vanheilsu að stríða sem síðar hefur komið í ljós. Þau gögn sem nú liggja fyrir um andlegt heilsufar S gefa m.a. til kynna að hann hafi haft óbeit á lögreglu, geðlæknum og yfirvöldum almennt. Sú staðreynd að S var dæmdur fyrir að reyna bana lögreglumanni í Noregi, eins og áður var rakið, segir sína sögu um afstöðu hans til lögreglu, fyrir utan þá staðreynd að hann beið eftir lögreglu með mundaða haglabyssu og skaut á lögreglumann án nokkurs formála þá nótt sem um ræðir.

Yfirmenn sérsveitar hafa borið um það að með hliðsjón af mati þeirra á því hættuástandi sem var á vettvangi þá hefðu þeir ekki heimilað að almennir borgarar færu inn á stigaganginn til að freista þess að ná sambandi við S, en fullreynt var að reyna að ná sambandi við hann símleiðis. Að þeirra mati var um almannahættu að ræða með hliðsjón af því að atvikin áttu sér stað inni í miðju íbúðahverfi þar sem fjöldi manna býr. Lögregla vissi að S var með haglabyssu í fórum sínum sem hann var ekki skráður fyrir. Við mat sitt á almannahættu litu yfirmenn sérsveitar m.a. til þess að S gæti haft fleiri vopn í fórum sínum, t.d. riffil sem er mun langdrægara vopn en haglabysa, eða heimatilbúna sprengju. Farið var í sprengjuleit í íbúð S 2. desember 2013 áður

en vettvangsrannsókn tæknideildar hófst. Þá litu yfirmenn sérsveitar til þess að stuttur tími var til stefnu þar til fólk færi til vinnu, börn í skóla og leikskóla o.s.frv. Rýming húsa m.t.t. hættusvæðis hefði verið mjög tíma- og mannfrek aðgerð, og íbúarnir jafnvel verið í hættu með hliðsjón af því m.a. að S skaut í tvígang út á bílplanið sem er sameiginlegt fyrir fjölbýlishúsin í Hraunbæ 14, 16, 18, 20 og 22. Skilgreint hættusvæði fyrir haglaskot af þeirri gerð sem S skaut er 300 metrar og á því svæði er fjöldinn allur af öðrum húsum.

Ekki verður séð að forsvaranlegt hefði verið að hafa samband við ættingja S og blanda þeim inn í aðgerðir lögreglu, sem voru hættulegar, auk þess sem ekki er gengið að upplýsingum um ættingja um miðja nótt, hvað þá að lögregla geti vitað hvernig sambandi á milli fólks/ættingja er háttað og geti þannig metið hvort rétt sé að kalla þá til aðstoðar. Ef reynt hefði verið að ná sambandi við S með gjallarhorni eða viðlíka búnaði af einhverjum sem væri þá staddur fyrir utan húsið verður að líta til þess að, auk þess að hafa skotið á sérsveitarmann eins og áður var lýst, þá skaut S tvívegis í áttina að þeim sérsveitarmönnum sem skutu inn gasflaugum af bifreiðastæðinu fyrir framan Hraunbæ 20, og fékk einn þeirra högl í hendi. Að mati ríkissaksóknara var þetta því ekki raunhæfur kostur. Að öllu virtu telur ríkissaksóknari að hverfandi líkur séu á að unnt hefði verið að ná sambandi við S með því að kalla til aðra sérfræðing en þá sem hjá lögreglu starfa, s.s. geðlækna, auk þess sem hafa ber í huga það sem áður var rakið um takmarkaða vitneskju lögreglu um andleg veikindi S.

Beiting tárageiss var sú aðgerð sem næst bar að framkvæma samkvæmt reglum um valdbeitingu. Í athugasemdum með reglunum kemur fram að tárageiss sé beitt til að yfirbuga mótadila sem er afkróaður á afmörkuðum stað til þess að ná viðkomandi út og auðvelda yfirbugun hans. Sá var tilgangurinn með gasaðgerð lögreglu að Hraunbæ 20. Þá kemur einnig fram í reglunum að óheimilt sé að nota gasvopn í einstökum tilvikum nema samkvæmt ákvörðun vakthafandi yfirmanns og að einungis megi vopna þá lögreglumenn með gasvopnum sem fengið hafa tilskilda þjálfun. Þessi skilyrði voru uppfyllt í máli því sem hér um ræðir. Þá er tiltekið í reglunum að gasvopnum megi einungis beita í sérstökum hættutilvikum eða ef lögregluaðgerð verður ekki framkvæmd á annan hátt án þess að öryggi lögreglumanna sé stefnt í hættu. Að mati ríkissaksóknara var ekki unnt að framkvæma lögregluaðgerðir þegar þarna var komið við sögu á annan hátt, án þess að öryggi lögreglumanna og almennra borgara væri stefnt í hættu. Ekki verður því talið að sú ákvörðun að hefja gasaðgerðina hafi verið andstæð ákvæðum 132. gr. almennra hegningarlaga.

### **Gasaðgerðin**

Vettvangsstjórnandi mat ástandið þannig að vænlegast væri að beita gasvopnum til þess að yfirbuga S, kalla fram uppgjöf og fá hann út úr íbúðinni. Hann lagði þetta undir aðgerðastjórn kl. 04:50, sem er í samræmi við verklagsreglur sérsveitar RLS, og fékk heimild til að hefja gasaðgerðir kl 05:50. Hafinn var undirbúningur fyrir tvenns konar gasaðgerðir, annars vegar að skjóta gasflaugum í gegnum rúðu á íbúðinni og hins vegar að setja flaug í gegnum hurð íbúðarinnar. Var fyrri kosturinn metinn öruggari og því var hafist handa við að skjóta gasflaugum inn í íbúðina í gegnum rúðu. Samkvæmt verklagareglum sérsveitarinnar skal við gasaðgerð hafa tilbúinn sérstakan hóp sérþjálfaðra manna sem tilbúinn er að sækja inn, því líkur eru á því að sá sem verður fyrir gasaðgerð verði óvígur og þarf þá að grípa til tafarlausrar



innferðar og hefja fyrstu hjálp. Þessi hópur var til staðar á stigapalli fjölbýlishússins. Byrjað var á því að skjóta gasflaugum, sem innihalda vökva sem í eru 0,86 grömm af CS efni inn um eldhúsgluggann, þ.e. miðgluggann á íbúðinni. Var flaugunum skotið úr haglabyssu. Fyrstu skotin fóru í að brjóta rúðuna, eftir það var hægt að koma flaugunum inn í íbúðina. Klukkan 06:01 tilkynnir sjónpóstur um að S sé að skjóta af haglabyssu út um gluggann sem gasinu var skotið inn um, þ.e. eldhúsglugganum. Skotið var inn umtalsverðu magni af gasi, en heyra má í fjarskiptum frá vettvangsstjórnanda kl. 06:06 að búíð sé að skjóta 10 flaugum inn en það virtist ekki hafa tilætluð áhrif á S því hann hélt áfram að hreyfa sig og fara um íbúðina, samkvæmt upplýsingum frá sjónpósti. Heyra má í fjarskiptum kl. 06:06:13 þegar vettvangsstjórnandi segir „mótaðili skýtur aftur út um eldhúsgluggann“. Einnig má heyra skothvellinginn frá haglabyssu S.

Lýsingar á áhrifum CS gas, sem er það gas sem var skotið inn í íbúðina eru almennt eftirfarandi: Veldur sviðatilfinningu, táraflóði og óviðráðanlegri þörf á að loka augum; sviða eða brunatilfinningu á húð og geta blöðrur myndast af völdum mikillar mengunar. Gasið getur valdið annars stigs bruna allt að 14 til 16 klst. eftir að viðkomandi mengast; óþægindi og sviðatilfinning í nefi og nefrennsli, munnvatnsrennsli, hósti, tak fyrir brjósti og köfnunartilfinning samfara ofsahræðslu; ógleði og uppköst, sérstaklega í mikilli mettun eða langvarandi; höfuðverkur, svimatilfinning, ófær um að taka skýrar ákvarðanir á meðan í mettun og 5 til 10 mínútum eftir. Sumir einstaklingar sýna algjöra uppgjöf (ósjálfbjarga). Vanlíðunartilfinning getur varað allt að 24 klst. hjá sumum einstaklingum eftir að hafa orðið fyrir þessum CS gas áhrifum.

Samtals var skotið 36 litlum gasvökvaflaugum að íbúðinni og fór meiri hluti þeirra inn. Samkvæmt upptökum af fjarskiptum var skotið 10 vökvaflaugum inn í svefnherbergi íbúðarinnar eftir að S var kominn þangað inn. Undir venjulegum kringumstæðum hefði S átt að gefast upp við þessar aðstæður og koma út úr íbúðinni sökum gasmengunarinnar, en þar sem það gerðist ekki var gripið til þeirrar aðferðar að skjóta stærri gasflaug í gegnum útidyrhurð íbúðarinnar. Gasið í stóru flauginni var í reykformi og inniheldur hún meira magn af gasefni en vökvaflaugarnar, eða 3,3 grömm. Notkun hennar hefur í för með sér væga íkveikjuhættu. Á þessum tíma var búíð að kalla til slökkvilið. Lögregla beitti þessu úrræði ekki fyrr en ljóst var að hin aðferðin væri ekki að bera tilætlaðan árangur og að fengnu leyfi frá aðgerðarstjórnanda. Eftir að þessari flaug var skotið inn, sem var kl. 06:23, sá sjónpóstur að S var enn á hreyfingu og var hann þá inni í svefnherberginu. Hann sá töliverðan reyk inni í stofu íbúðarinnar en ekki inni í herberginu þar sem S var. Skömmu síðar sá sjónpóstur S sitja við gluggann í svefnherberginu og halda á vopninu. Klukkan 06:32 spyr aðgerðarstjórnandi vettvangsstjórnanda hvort hann telji að S sé óvígur af mettuninni. Hann svara því neitandi og telur að S sé búinn að loka sig af. Hann hafi sést hreyfa sig inni í herberginu. Klukkan 06:38 tilkynna fjarskipti til vettvangsstjórnanda að nágranni hafi hringt og sagt að hann sæi vel inn í herbergið þar sem S var og hann lægi uppi í rúmi og beindi byssunni upp í loft. Lokaúrræðið í gasaðgerðinni var að setja gashylki, sem innihélt 12 grömm af gasefni í duftformi, inn um glugga herbergisins. Fengið var samþykki fyrir þeirri aðgerð með sama hætti og áður og var hylkinu varpað inn kl. 06:39. Við það mettaðist herbergið af gasi/reyk. Klukkan 06:42 voru sérsveitarmenn komnir inn í íbúð S.

### Innför sérsveitar í íbúð S

Samkvæmt framburði aðgerðarstjórnenda og vettvangstjórnanda var tekin ákvörðun um að fara inn í íbúð S nokkrum mínútum eftir að duftgashylkinu var skotið inn í svefnherbergi íbúðarinnar, þar sem S hafi ekki komið sjálfur út úr íbúðinni og hvorki nágranni sem sá inn í íbúð S né sjónpóstur höfðu orðið varir við hreyfingu. Voru aðstæður metnar sem svo að nauðsynlegt væri að fara inn í íbúðina þar sem miklu magni af gasi hafi verið skotið inn í rýmið. Fyrirmæli hafi því verið gefin um að brjóta upp hurðina að íbúðinni til þess að bjarga S úr gasmettuninni og eftir atvikum að skora á hann að gefast upp og yfirbuga.

Í reglum sérsveitar RLS um notkun gass gegn vopnuðum aðila sem hefur byrgt sig inni, segir m.a.: „Hafa ber í huga að ofmetta ekki húsnæði af gasi. Þá þarf mótaðili að eiga greiða útgönguleið út úr húsinu. Ef mótaðili kemur ekki út af sjálfsdáðum eftir gasaðgerð þar að sækja hann inn í húsnæðið og ná í hann. Þá þarf að veita honum fyrstu hjálp til þess að losna við gasáhrif...“

Með hliðsjón af upplýsingum um virkni CS gasefnisins og áralangri þjálfun sérsveitarmanna þar sem gasi er beitt, og þeir hafa lýst í skýrslum sínum við rannsóknina, hafa ekki komið fram skýringar á því hvers vegna þetta mikla magn af gasi hafði ekki tilætluð áhrif á S. Þó liggur fyrir samkvæmt myndum af vettvangi að vifta var í gluggakistu í svefnherberginu sem S var í undir lokin og hann sat um hríð á rúmi nálægt viftunni og brotnum glugganum.

Samkvæmt upptökum úr fjarskiptakerfi lögreglunnar óskaði vettvangsstjóri eftir því klukkan 06:41 að farið yrði inn í íbúð S og skorað á hann að gefast upp þar sem allt væri mettað af í gasi í herberginu. Klukkan 06:42 er tilkynnt um að aðgerðarsveit sé farin inn í íbúð S og þeir sjái enga hreyfingu. Innan við hálfri mínútu síðar er tilkynnt um að sérsveitarmaður sé sár og það vanti aðstoð. Strax í kjölfarið berst tilkynning um að það sé skotáverki á S og óskað er eftir bráðaliða (e. paramedic) upp. Sjúkrabifreiðir voru þá komnar á vettvang. S var tafarlaust fluttur á sjúkrahús en bráðaliðar skoðuðu sérsveitarmanninn sem varð fyrir skoti á vettvangi. Hann reyndist ekki alvarlega slasaður.

Upplýst er í málinu að fjórir sérsveitarmenn voru komnir inn í íbúðina þegar skotvopnum var beitt. Tveir þeirra sem voru fremstir báru skotskýlingarskildi og voru með skammbyssur brugðnar auk þess að vera með fjölskotabyssu á sér. Hinir tveir voru vopnaðir á sama hátt en báru ekki skildi. Allir sérsveitarmennirnir voru með skothelda hjálma, gasgrímur og í viðeigandi hlífðarfatnaði. Samkvæmt framburði þeirra voru gefin fyrirmæli um að brjóta upp hurðina og bjarga S eða yfirbuga hann. Þeir greindu frá því að á gólfi íbúðarinnar hafi verið mikið af munum í eigu S sem hafi gert þeim mjög erfitt að athafna sig og halda stöðu. Er inn í íbúðina hafi verið komið hafi þeir gert vart við sig með því að kalla „vopnuð lögregla“. Í sömu andrá hafi S hafið skothríð að þeim úr svefnherbergi íbúðarinnar. Sérsveitarmennirnir hafi metið aðstæður með þeim hætti að þeir væru allir í lífshættu og ekki unnt að hörfa. Þeir hafi sótt áfram og svarað með því að skjóta á móti. S hafi haldið skothríðinni áfram er þeir sóttu inn í íbúðina og höglum og steypubrotum hafi rignt yfir þá. Fleiri skotum hafi verið skotið að S með þeim afleiðingum að tvö skot hafi hæft S og hann orðið óvígur. Hafi vopn S verið tryggt og lífsbjargandi aðgerðir hafnar þegar í stað. Eitt skot frá S hafi farið í hjálm og höfuð



sérsvartarmanns í innförinni sem hafi fallið við. Hafi honum verið komið í skjól af sérsvartarmanni sem var fyrir aftan hann. Ekki var vitað um meiðsl hans fyrr en eftir að aðgerðum lauk. Hann hlaut minni háttar áverka í andliti og á hendi sem ætla verður að séu eftir högl, en ummerki eftir högl fundust á gasgrímu og hanska þess sérsvartarmanns.

Ríkissaksóknari hefur yfirfarið þau gögn sem liggja til grundvallar í málinu um þær aðgerðir lögreglu sem áttu sér stað við innför í íbúð S hinn 2. desember 2013 með hliðsjón af áður-nefndum reglum um valdbeitingu lögreglu og reglum sérsvartar RLS um notkun gass. Sú ákvörðun aðgerðarstjórnar og vettvangstjóra að hefja inngöngu í íbúð S í þeim tilgangi að bjarga S út úr þeirri miklu gasmettun sem var inni í íbúðinni, og eftir atvikum að afvopna hann yfirbuga, var að mati ríkissaksóknara í samræmi við framangreindar reglur. Þá ber einnig að líta til þess sem áður segir um þá almannahættu sem var til staðar.

Hvað varðar þær aðgerðir sem gripið var til af hálfu lögreglu og fól í sér beitingu skotvopns í íbúð S með þeim afleiðingum að hann lést af sárum sínum, þá liggur fyrir að slík háttsemi kann að vera refsinaem samkvæmt 211. gr. eða 215., sbr. 138. gr., almennra hegningarlaga, þrátt fyrir heimildir lögreglu til að beita skotvopni, en samkvæmt 34. gr. reglna um valdbeitingu lögreglu, má lögregla því aðeins beita skotvopni gegn manni þegar önnur úrræði eru ekki tiltæk og brýna nauðsyn ber til í því skyni að:

- a) Lögreglumaður verjist lífshættulegri árás á sig eða þriðja mann.
- b) Yfirbuga og handtaka afbrotamenn sem teljast hættulegir lífi fólks.

Hér verður því að líta til þess hvernig aðstæðum á vettvangi var háttað. Gögn málsins, einkum upptökur úr Eyewitnessbúnaði, staðfesta þann framburð lögreglumanna að S hafi skotið á þá örskotsstundu eftir að þeir hófu inngöngu inn í íbúð hans og tilkynntu að þar færi vopnuð lögregla. Heyra má glögglega og sjá að S skaut fyrsta skotinu. Hann skaut alls þremur skotum að lögreglu sem þeir svöruðu í hvert sinn, en alls skaut lögregla fjórum skotum inni í íbúðinni. Sú háttsemi S að skjóta á lögreglu fól í sér lífshættulega árás á lögreglumennina sem þar voru við skyldustörf. Þær aðgerðir lögreglu að beita skotvopni gegn S við þessar aðstæður voru því að mati ríkissaksóknara framkvæmdar í þeim tilgangi að verjast eða afstýra ólögumætri árás sem hafin var á þá. Verður ekki talið unnt hafi verið að beita vægari vörnum en raun varð á. Aðstæður voru því með þeim hætti að verkið var unnið í neyðarvörn og því refsilaust. Um neyðarvörn er fjallað í 12. gr. almennra hegningarlaga. Þar segir:

**„Það verk er refsilaust, sem menn vinna af neyðarvörn, að því leyti sem það hefur verið nauðsynlegt til þess að verjast eða afstýra ólögumætri árás, sem byrjuð er eða vofir yfir, enda hafi ekki verið beitt vörnum, sem séu augsynilega hættulegri en árásin og tjón það, sem af henni mátti vænta, gaf ástæðu til.“**

S var úrskurðaður látinn á bráðdeild Landspítala kl. 06:58. Um dánarorsök segir í skýrslu um krufningu:

„Krufningin leiddi í ljós rof á blóðrás vegna blæðingar til dauða sem dánarorsök. Blæðingin er af völdum tveggja skotsára, annað í brjóst og hinn (sic) í nára/þjóhna. Samkvæmt meinafræðilegum niðurstöðum verður ekki ákvarðað

hvort olli dauðanum. Líklegast er að bæði sárin hafi átt jafnan þátt í dauðanum. Eiturefnagreining sýnir að maðurinn var undir áhrifum áfengis er hann lést.“

### Rannsókn tæknideildar

Í niðurstöðum rannsóknar tæknideildar er atvikum við innför sérsveitarmanna lýst með þeim hætti að S hafi hleypt af þremur haglaskotum sem fóru öll í gegnum útidyrhurð íbúðarinnar. Ummerki á vettvangi voru eftir högl sunnan við útidyrhurðina á vegg og dyrakarmi eftir tvö skot. Þriðja skotið hafnaði í hjálmi sérsveitarmanns. Á útidyrhurðinni mældist efsta skotgatið í 187 cm hæð en neðri tvö götin í 155 og 156 cm hæð og talið ljóst að S hafi setið á rúmi í herberginu er hann hleypti skotunum að útidyrhurðinni. Fjarlægð frá hlaupenda byssunar að hurðinni var 4-5 metrar. Þá hafi á vettvangi fundist fjögur 9 mm skothylki og fjórar byssukúlur sem staðfesti frásögn sérsveitarmanns um hve mörgum skotum hafi verið hleypt af að S sem öllum var skotið úr sömu skammbyssunni. Tvö skot hafi hæft S, í brjósthol og nára. Fram kemur að unnt hafi verið að staðsetja S þegar hann var skotinn eftir ummerkjum á rúmdýnu og með skotstefnurannsókn, þar sem skotin fóru í gegnum líkama hans.

Í samantekt niðurstöðu rannsóknar tæknideildar kemur fram að S hafi látist af völdum skotáverka sem hann hlaut í nára og á brjósthol í kjölfar þess að hann skiptist á skotum við sérsveit RLS. Segir þar enn fremur:

„Í íbúð S hafi fundist fjögur tóm 9 mm skothylki og jafn margar 9 mm byssukúlur. Staðsetning skothylkja og byssukúlna er í rökréttu samhengi við önnur gögn málsins og frásögn sérsveitarmanna sem voru á staðnum.

Samanburðarrannsókn leiddi í ljós að öllum skotunum var hleypt af úr sama vopninu. Í íbúð S fundust fimm tóm haglabyssuskothylki og það sjötta var í hlaupi haglabyssu hans þegar vopnið var tryggt.

Sex forhlöð úr haglabyssuskotum fundust, tvö á bifreiðastæði, þrjú á stigapalli framan við íbúðina og eitt í hlífðarskildi sérsveitar. Af upptöku úr Eyewitness-búnaði lögreglubifreiðar mátti ráða að S hafi skotið tveimur skotum út um gat á rúðu íbúðarinnar, einu í skjöld sérsveitarmanns út um opnar dyr íbúðar sinnar þegar innganga var reynd í fyrra skiptið og þremur skotum innan úr íbúðinni í gegnum dyr íbúðarinnar þegar sérsveit lögreglu réðst til inngöngu í seinna skiptið.

Forhlöðin voru sömu gerðar og komu úr haglabyssuskotum úr íbúðinni sem notuð voru við rannsókn á dreifingu haglaskotanna.

Engin ummerki voru eftir önnur haglaskot inni í íbúðinni, á veggjum, lofti, gólfum eða innanstokksmunum.

Staðsetning og fjöldi tómrar haglabyssuskothylkja og forhlaða er því í samræmi við önnur gögn málsins.


Gögn og ummerki á vettvangi eru í samræmi við framkomnar lýsingar á þeim atvikum sem leiddu til dauða S.“

Nákvæm yfirferð ríkissaksóknara yfir öll gögn málsins gefur ekki tilefni til að draga í efa niðurstöður rannsóknar tæknideildar. Sú rannsókn er í samræmi við það sem fram kemur í upptökum frá vettvangi og skýrslum af lögreglumönnum og öðrum vitnum. Með hliðsjón af niðurstöðum þeirrar rannsóknar og öðrum gögnum sem aflað var við rannsókn ríkissaksóknara, hefur verið upplýst um atburðarásina sem leiddi til dauða S að morgni 2. desember 2013. Rannsóknin hefur ekki sýnt fram á refsiverða háttsemi lögreglumanna við framkvæmd starfa sinna og hefur ríkissaksóknari lokið rannsókn sinni á málinu.



Málið gaf ríkissaksóknara tilefni til að benda RLS á nokkur atriði sem betur mega fara og varða varðveislu og afhendingu vopna sérsveitar þegar alvarleg atvik eins og það sem hér um ræðir eiga sér stað. Þær athugasemdir eru ekki þess eðlis að neinu breyti um niðurstöðu ríkissaksóknara í þessu máli.

Þá er rétt að geta þess hér að ríkissaksóknari hefur sent innanríkisráðherra erindi dags. 6. júní sl. þar sem ábendingu var komið á framfæri um að ráðuneytið taki til almennrar athugunar hvernig rétt sé að haga eftirliti með störfum lögreglu og málsmeðferð þegar borgararnir telja að lögregla hafi ekki fylgt réttum reglum í störfum sínum og samskiptum, og í þeim tilvikum þegar maður lætur lífið eða verður fyrir stórfelldu líkamstjóni vegna aðgerða eða aðferða lögreglu, eða á meðan viðkomandi var í umsjón lögreglu, óháð því hvort uppi er grunur um refsivert brot. Ekki er kveðið sérstaklega á um þetta í lögum nema í þeim tilvikum þegar starfsmenn lögreglu eru kærðir/grunaðir um refsivert brot við framkvæmd starfa sinna, sbr. 35. gr. lögregluglaga. Í bréfinu koma fram tillögur ríkissaksóknara að nýrri skipan þessara mála.



Sigríður J. Friðjónsdóttir  
ríkissaksóknari

